

Alþjóða Bridgesambandið

Leiðbeiningar um reglur dómnefnda og aðvaranir

Efnisyfirlit

Formáli að fyrstu útgáfu	2
Hlutverk dómnefndar	3
Lögsaga dómnefndar	3
Stærð dómnefnda.....	3
Meðlimir.....	3
Vanhæfi	3
Samþykkt áfrýjunar	4
Skyldur dómnefndar	4
Úrskurður dómnefndar	4
Áfrýjun til æðri dómstóls	4
Leiðrétting á skor	5
Lagagrein 12C1(c).....	5
Lagagrein 25.....	5
Úrskurður keppnisstjóra að loknu samráði.....	5
Efasemdir af hálfu dómnefndar.....	5
Háttvísi	5
Óheimilar upplýsingar.....	6
Nýting óheimilla upplýsinga	6
Ósamræmi milli útskýringa og raunverulegrar handar.....	7
Blekkisagnir	7
Afhjúpun endurtekinna blekkinga.....	8
Blekkispilamennska varnarspilara.....	8
Spilamennska með skermum.....	8
Brot gegn réttum framgangsmáta spils.....	8
Birting úrskurðar dómnefndar	8
Stefna Alþjóða bridgesambandsins um aðvaranir (Alert)	9
Formáli	9
Stefna.....	9

Formáli að fyrstu útgáfu

(útgefinn 1999)

Það hefur komið æ betur í ljós að það er ósamræmi varðandi meðhöndlun áfrýjana á ýmsum getustigum í bridge.

Þetta hefur komið til kasta Alþjóða bridgesambandsins WBF, og að lokinni vandlegri athugunum valinkunnra einstaklinga, hefur WBF gefið út sínar fyrstu leiðbeiningar fyrir afrýjunarnefndir. Ég vona að þær verði innleiddar sem fyrst og sem víðast, varðandi framkvæmd áfrýjana. Þessar leiðbeiningar munu án efa taka breytingum, en við teljum að við munum læra ýmislegt með innleiðingu þeirra til að byrja með og endurskoða þær eftir því sem reynslan býður. Í millitíðinni óskar WBF þess að allir, sérstaklega spilarar sjálfir komi með athugasemdir, með því að...

- a) greina WBF frá atvikum varðandi framkvæmd þessara leiðbeininga, og
- b) draga úr tilhneigingu til að kenna afrýjunarnefndum um árangur spilara.

Sá tími og vinna sem lögð hefur verið í þessar leiðbeiningar er ætlað að efla gæði þeirrar vinnu sem dómnefndir inna af hendi, svo að spilarar geri sér grein fyrir því að það sé í fæstum tilvikum að þeir missi stig vegna dómnefnda frekar en við spilaborðið.

José Damiani

Forseti WBF

Þessar leiðbeiningar munu auka einsleitni ákvarðana og ég er stoltur af framlagi sérfrædinga Bridgesambands Evrópu (EBL) í því sambandi. EBL hefur innleitt þessar leiðbeiningar fyrir sín eigin mót og mælir eindregið með því að aðildarþjóðir þess taki þær upp í sínum mótum. Ég vona að sérhver aðildarþjóð EBL dreifi þessum leiðbeiningum sem víðast.

Gianarrigo Rona

Forseti EBL

Alþjóða Bridgesambandið innleiðir eftirfarandi leiðbeiningar sem reglugerð fyrir dómnefndir í framhaldi af úrskurðum keppnisstjóra og mælir með því að aðildarsambönd taki þær upp hvert og eitt. Bridgelögin útgefin 2007 eru óaðskiljanlegur hluti þessara leiðbeininga.

Hlutverk dómnefndar

Dómnefnd tekur fyrir úrskurð keppnisstjóra (eða aðstoðarmanns hans) sem áfrýjað er, og endurmetur hann eingöngu samkvæmt lögum og reglugerðum. Áfrýjun gegn úrskurði getur aðeins átt sér stað af hálfu spilara sem áttu hlut að máli við borðið þegar úrskurðað var. Ekki skal tekið tillit til hagsmuna annarra þáttakenda í niðurstöðu nefndarinnar.

Lögsaga dómnefndar

Dómnefnd tekur við áfrýjunum samkvæmt lagagrein 93.B.2 og getur beitt öllum tiltækum ráðum keppnisstjóra við lausn þeirra. Áfrýjanir varðandi lög og reglugerðir eru yfirfarnar af yfirkeppnisstjóra (Lagagrein 93.B.1). Frekari áfrýjun gegn ákvörðun hans er síðan hægt senda til dómnefndar sem hefur völd til breyta úrskurði hans, en getur einnig mælt til að hann endurskoði úrskurð sinn samkvæmt Lagagrein 93.B.3. Dómnefnd getur einnig mælt með því að yfirkeppnisstjóri breyti úrskurði sínum sem hann hefur kveðið upp samkvæmt lagagrein 91, en getur ekki fellt hann úr gildi eða mildað hann (völd sem hún hefur eru tengd lagagrein 90 varðandi brot gegn réttum framgangsmáta). Dómnefnd hefur völd til að beita agavidurlögum, hafi keppnisstjóri ekki gert svo, og talið að málsatvik séu þess eðlis þó svo að keppnisstjóri hafi ekki gert svo. WBF hvetur til ýtrustu varkárni varðandi þess háttar ákvarðanir þegar keppnisstjóri hefur ekki beitt slíkum viðurlögum og mælir meðal annars með auknum meirihluta dómnefndar eða ítarlegum rökstuðningi fyrir beitingu slíks úrræðis.

Stærð dómnefnda

Dómnefnd skal að öllu jöfnu ekki vera færri en 3 einstaklingar eða fleiri en 5. WBF gerir sér grein fyrir að aðstæður kunna að skapast þar sem úrskurður geti verið kveðinn upp af jafnvel einum einstaklingi, en telur slíkt óásættanlegt á alþjóðavettvangi og slík tilvik séu í algjörum undantekningartilfellum í stórum innanlandsmótum. Bridgeyfirvöld hvers lands skal gera ráðstafanir til að fyrirbyggja slík tilvik.

Meðlimir

Dómnefnd ætti að öllu jöfnu vera samansett af sterkum spilurum ásamt spilurum sem taldir eru vera mikla reynslu varðandi ákvarðanatöku. Formaður nefndarinnar skal leitast við að sterkari spilarar hafi meira vægi þegar kemur að álitamálu varðandi bridge ákvarðanir. Aðrir nefndarmenn ættu að hafa jafnara vægi varðandi beitingu laga og reglugerða. Æskilegt er að minnst einn nefndarmanna hafi þekkingu á bridgelögnum, en það er ekki hlutverk hans eða nefndarinnar að tilgreina hvaða lögum skuli beitt og hvernig. Það er hlutverk keppnisstjóra (þ.e.a.s. keppnisstjóri sem er tilgreindur í lagagrein 81) eða staðgengils hans ef slíkt á við. Nefndin fær leiðbeiningar um beitingu laga og úrskurðar samkvæmt staðreyndum og aðstæðum málsins. WBF mælir með því að einn meðlima nefndarinnar skuli tilnefndur ritari hennar til að skrá ferli og forsendur varðandi úrskurð nefndarinnar.

Vanhæfi

Hafi nefndarmaður vitneskju um málsatvik sem gæti haft áhrif á hlutleysi hans, áður en áfrýjun er tekin fyrir, ætti hann að segja sig frá málinu og nýr nefndarmaður skipaður. Í alþjóðamótum getur nefndarmaður sjálfur ákveðið að víkja telji hann sig of nákominn málinu, eða hann telji sig hugsanlega vanhæfan, eða hann hafi rætt málsatvik áður við viðkomandi áfrýjendur, eða hann hafi fyrirfram myndað sér ákveðna skoðun á málinu. Það er tilhlífðilegt að samlandar þeirra sem hlut eiga að máli, hafi minni háttar hlutverk eða vægi í úrskurði nefndarinnar.

Samþykkt áfrýjunar

Lagagrein 92.D hljóðar svo:

Áfrýjun er ekki tekin til greina nema:

1. Í tvímenningi hafi báðir aðilar parsins samþykkt áfrýjunina. (Í einmenningskeppni þarf ekki samþykki makkers).
2. Fyrirliði sveitar í sveitakeppni samþykkir áfrýjunina.

Áfrýjun skal ekki tekin fyrir séu ofangreind skilyrði ekki uppfyllt. Athygli skal vakin á því að lögin segja ekki lengur að fjarverandi aðili sé talinn sammála, en áfrýjandi þarf að fullvissa nefndina um að svo sé.

Skyldur dómnefndar

Nefndinni ber að móttaka skýrslu keppnisstjóra og spilara, heimila fyrirliða sveitanna að koma með sín rök kjósi þeir svo, og leita nánari gagna málsins sem hlutaðeigandi vill útskýra nánar. Keppnisstjórinn sem kemur fyrir nefndina, ætti að vera sá hinn sami og kom að borðinu. Lýsing málsatvika skal vera ótrufluð og nefndarmenn skulu af fremsta megni forðast bein samskipti við utanaðkomandi aðila. Afar mikilvægt er að nefndarmenn og þeir sem koma fyrir nefndina gæti fyllstu háttþrýði í hvívetna. Formaður nefndarinnar getur ákveðið að skoða áfrýjunina áður en hlutaðeigendur gefa skýrslur sínar

Úrskurður dómnefndar

Enginn úrskurður er gildur nema hann sé samþykktur með eftirfarandi hætti:

Með atkvæðagreiðslu virkra nefndarmanna. Virkur nefndarmaður er sá sem hefur mótttekið skýrslu keppnisstjóra, hlustað á málsatvik, tekið þátt í umræðum nefndarinnar og greitt atkvæði. Úrskurður keppnisstjóra stendur óraskaður þegar ekki er meirihluti fyrir því að breyta honum. Formaður hefur 2 atkvæði ef atkvæðagreiðsla er jöfn.

Áfrýjun til æðri dómstóls

Engin áfrýjun til æðri dómstóls ætti að eiga sér stað nema hún hafi farið fyrst um formlegt ferli dómnefndar. Það er eðlilegt að æðri dómstóll setji sér vinnugeglur varðandi hvaða málefni skuli tekin fyrir (en sjá lagagrein 93.C). Það er viðtekin venja af hálfu WBF að æðri dómstóll taki ekki á málum nema dómnefnd hafi tekið akvörðun sem er í ósamræmi við málsatvik. Laga- og keppnisreglnanefnd er þó ábyrg varðandi undanþágur í mótsreglugerð sem greina nánar um framkvæmd og túlkun bridgelaganna, sem geta haft áhrif á úrskurð nefndarinnar (Lagagrein 93). Umdeild atriði laga eða reglugerða skulu lögð fyrir Laga- og keppnisreglnanefnd. Keppnisstjóri eða dómnefnd geta vísað málum til Laga- og keppnisreglnanefndar samkvæmt Lagagrein 93.C.2.

Á alþjóðamótum, hvetur WBF til að innleitt verði verkferli fyrir áfrýjanir sem ekki eru taldar eiga erindi fyrir æðri dómstól þar sem talið er að æðri dómstóll muni úrskurða gegn áfrýjuninni. Eðli alþjóðamóta er samt sem áður að slíkar áfrýjanir skyldu takmarkaðar. Mælt er með því að tilnefndur verið lítill hópur eldri og reyndari spilara sem leggja mat sitt á hvort áfrýjun eigi erindi til æðri dómstóls. Ef hópurinn telur að áfrýjunin eigi sér lögmæt rök, þá er mælt með því að áfrýjunin sé lögð fyrir Laga- og keppnisreglnanefnd, undir stjórn forseta eða staðgengils hans ef svo ber undir. Í mótum sem WBF ber ábyrgð á, mun þessu verkferli vera beitt framvegis. Einstaklingum, sem sérstaklega eru tilnefndir, eru veitt völd til að hafna áfrýjun ef þeim finnst tilefnið ekki eiga erindi til æðri dómstóls.

Leiðrétting á skor

Að úthluta tilbúinni leiðréttri skor (sjá lagagrein 12.C.1) á við þegar beiting bridgelaganna veldur saklausu hliðinni skaða. (Þó getur leiðrétting á skor orkað tvímælis ef saklausa hliðin hefur bakað sjálfri sér skaða með alvarlegri villu eða með áhættumikilli spilamennsku óháð brotinu). Skaði er til staðar, þegar saklausa hliðin fær skor sem er lakari en ella hefði orðið vegna beitingar laganna (sjá Lagagrein 12.B.1).

Ef saklausa hliðin hefur að öllu leiti eða hluta, verið völd að eigin skaða með alvarlegri villu eða með áhættumikilli spilamennsku óháð brotinu, ætti ekki að veita bætur fyrir slíkan skaða þegar hann er af eigin völdum. Seka hliðin á eftir sem áður að fá skor í samræmi við eðlilega niðurstöðu spils eins og hún hefði orðið við eðlilegan framgang spilsins. T.d. ættu litarsvik af hálfu saklausu hliðarinnar í framhaldi af broti, hafa áhrif á skor hennar, en seka hliðin ætti að fá skor eins og litarsvikin hefðu ekki átt sér stað.

Lagagrein 12C1(c)

Lagagrein 12.C.1.(c) segir:

Til að gæta jafnræðis má úthluta útreiknaðri tilbúinni skor sem byggir á mismunandi líkum á mögulegum niðurstöðum. Laga- og keppnisreglnanefnd getur útilokað slíkar niðurstöður.

Lagagrein 12.C.1.(c) er virk nema Laga- og keppnisreglnanefnd ákveði annað. Hún er í gildi í mótum hjá WBF. (Laga- og keppnisreglnanefnd getur ákveðið að lagagrein 12.C.1.(e) sé virk að öllu leiti eða hluta og sama á við um lagagrein 12.C.1.(c).) Tilgangur þessara lagagreina er að gera keppnisstjóra og dómnefnd kleyft að móta reglur um hvað sé eðlileg tilbúin úthlutað skor og framfylgja því. Dómnefnd hefur úrslitavald í þeim efnum.

Lagagrein 25

Með notkun sagnboxa telst sögn sögð þegar hún er sett í sagnsleðann og sleppt. Þegar skermar eru í notkun gildir lagagrein 25 óbreytt. Leiðréttingar eru ekki heimilar.

Úrskurður keppnisstjóra að loknu samráði

Það er hlutverk keppnisstjóra að kveða upp úrskurð í álitamálum eftir að hafa ráðfært sig við aðra. Með því er best framfylgt anda laganna. Keppnisstjóri skal ekki úrskurða sjálfkrafa saklausu hliðinni í hag ef hann telur að hann skuli úrskurða öðruvísi.

Efasemdir af hálfu dómnefndar

Dómnefnd ætti að öllu jöfnu ganga út frá því sem vísu að úrskurður keppnisstjóra sé réttur. Úrskurði ætti aðeins að breyta á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Því skal keppnisstjóri upplýsa nefndina um ástæður þess að hann úrskurðar ekki saklausu hliðinni í hag, og efasemdir eru enn til staðar eftir að hafa leitað viðeigandi ráðlegginga annarsstaðar frá.

Háttvísi

Spilara má því aðeins refsast fyrir skort á háttvísi þar sem slík framkoma er tilgreind í lögunum. Spilara sem hefur framfylgt lögum og reglugerðum er varl hægt að gagnrýna. Hvatt er til þrúðmannlegrar framkomu við andstæðinga, sér í lagi varðandi upplýsingagjöf til skermfélaga síns.

Óheimilar upplýsingar

Sjá lagagrein 16.

Allar upplýsingar byggðar á sögnum verða að vera heimilar. Til að upplýsingar sét álitnar heimilar, þá verða að vera vísbendingar frá lögum eða reglugerðum um að notkun upplýsinganna séu heimilar. Upplýsingar geta talist óheimilar þó svo þær séu ekki bannaðar.

Heimilt er að nýta upplýsingar frá spilurum sem gefnar eru við framgang spilsins, eins og tilgreint er í lögnum nema beint bann liggja við. Einnig eru upplýsingar heimilar þegar lögin kveða á um það. Spilara er heimilt að nýta sér eigin dómgreind byggða á getu og fasi andstæðinga sinna, og einnig hjá makker sínum varðandi tilhneigingu (stíl) í stöðum þar sem ákvarðanir hans eru fumlausar frekar en venjubundnar eða kerfisbundnar. Vanabundnar aðferðir spilara byggðar á reynslu eru heimilar upplýsingar fyrir makker hans, en slíkar upplýsingar flokkast undir samkomulagsatriði pars og ber að upplýsa andstæðinga um það. Vani er skilgreindur þannig að þegar tilfelli koma það oft fyrir að þau teljist fyrirsjáanleg. Að láta ekki vita af venjum makkers síns er andstætt lagagrein 75.A, og þegar brotið er gegn lagagrein 40 (og þá um leið ólöglegt) þegar sögn er gefin.

Nýting óheimilla upplýsinga

Hafi spilari vitneskju um ólöglegar eða óviðeigandi upplýsingar til að velja sögn eða spilamennsku, þá teljast þær óheimilar upplýsingar. Þess háttar upplýsingar geta komið til á marga vegu. Komi þær ekki frá makker spilarans, þá er að finna leiðbeiningar fyrir keppnisstjóra í lagagreinum 16.C og 16.D hvernig taka skuli á þeim málum. Lagagrein 16.D fjallar um upplýsingar út frá sögnum eða spilamennsku sem teknar eru til baka. Hún á einnig við þegar makker tekur til baka sögn eða spilamennsku. Aðrar upplýsingar frá makker eru líklegar til að koma til kasta dómnefndar.

Spilara er heimilt að grundvalla sögn eða spilamennsku sína út frá fyrri aðgerðum makkers eða andstæðinga varðandi sagnir eða úrspil, hegðum andstæðinga eða hvers konar annarra framgangsmáta sem þegar eru tilgreindir. (sjá lagagrein 16.A.2 og 16.A.2). Allar upplýsingar sem fengnar eru frá makker með öðru móti eru óheimilar, ef þær gefa til kynna sögn eða spilamennsku. Þetta innifelur einnig upplýsingar sem auðveldar sögn eða spilamennsku. (Sjá Lagagrein 16.B).

Dæmi um viðbrögð makkers sem geta innifalið óheimilar upplýsingar eru:

- ✓ Viðbrögð við spurningu.
- ✓ Svör við spurningu.
- ✓ Sérstök blæbrigði raddar eða tóns.
- ✓ Veita kerfiskorti andstæðinga óvenjulega athygli á viðkvæmu augnabliki þegar makker á ekki að gefa sögn eða spila.
- ✓ Skoða kerfiskort andstæðinga þegar hann er blindur
- ✓ Áberandi hik eða ekki hik þegar þegar beðið skal um spil eða spilamennsku.

Þetta er ekki tæmandi listi um óheimilar upplýsingar, sem gætu verið veittar og dómenfnd getur komist að einhverrrar annarri niðurstöðu sem teljast óheimilar.

Þegar óheimilar upplýsingar eru fyrir hendi af hálfu makkers, skal dómenfnd taka afstöðu til eftirtalinna fjögurra spurninga...

1. Hefur spilarinn óheimilar upplýsingar út frá einhverskonar athöfn makkers?
2. Gætu hinar óheimilu upplýsingarnar sannarlega komið frá makker?
3. Var rökréttur valkostur fyrir hendi í stað þess sem valinn var, sem spilari hefði getað valið í stað þeirrar atburðarrásar sem er til umfjöllunar? Lagagrein 16.B.1.(b) hljóðar svo: “Annar rökréttur valkostur telst það, sem verulegur hluti sambærilegra spilara (að styrkleika) og sem nota svipaðar

sagn- og spilavenjur í pari, mundi hugsa alvarlega um að velja og talið að sumir myndu í raun velja.”

4. Hafa andstæðingarnir skaðast af ákvörðun spilarans sem tekin var í framhaldi af hinum óheimilu upplýsingum? Skaði er metinn með hliðsjón af þeirri skor sem fæst úr spilinu.

Ef svarið við öllum þessum fjórum spurningum er “JÁ”, þá kemur til greina að breyta skor. Annars ekki. Mikilvægt er að hafa í huga að hvor aðilinn í parinu, sem býr yfir hinum óheimilu upplýsingum, en tekur aðeins til greina viðbrögð í framhaldi af athöfn sem leiðir til ákvörðunartöku. Spilari sem gefur óheimilar upplýsingar bindur ekki hendur makkers, heldur er um að ræða notkun upplýsinga sem brýtur í bága við lög.

Ef sýnt er fram á, með með eðlilegum vafa, að spilari hefur brugðist við á þann hátt að gefnar séu óheimilar upplýsingar til makkers, skal keppnisstjóri nýta sér lagagrein 73.B.1. Ef fullvissa er fyrir því að ákveðin athöfn er ákveðin fyrirfram af hálfu makkers, skal keppnisstjóri leita ráða hjá yfirkeppnisstjóra varðandi ráðstafanir.

Séu milkar líkur fyrir því að athafnir hafi verið skipulagðar fyrirfram, þá er talið að slík athöfn hafi verið ákveðin. Í þeim tilfellum vinnur dómnefnd náið með keppnisstjóra varðandi úrskurð. Sé sannað að athöfn sé fyrirfram ákveðin með makker, skal dómnefndin meta svo að slík spilamennska hafi veirð ákveðin fyrirfram, samkvæmt lagagrein 73.B.2.

Ósamræmi milli útskýringa og raunverulegrar handar

Þegar sama útskýring á sögn er veitt báðum andstæðingunum, og því næst staðfest að báðir aðilar parsins eru sammála um að rétt sé útskýrt (og kerfiskort staðfestir það einnig), en hendir sem verið er að útskýra er ekki í samræmi við útskýringar, þá er málið meðhöndlað sem blekking. Þegar aðilar pars veita mismunandi útskýringar, eða ekki í samræmi við kerfiskort, sem leiða til þess að andstæðingur ruglast, má beita viðurlögum gegn framgangsmáta spils í lagagrein 40. Ef andstæðingarnir hafa skaðast og skilyrði fyrir leiðréttingu á skor er fyrir hendi, þá skal skor leiðrétt. (Sjá fyrri lýsingar á leiðréttingu á skor, og síðar varðandi brot gegn framgangi spils.)

Blekkisagnir

Skilgreining á blekkisögn er eftirfarandi: "Vísitandi og verulega frábrugðin sögn hvað varðar punktafjölda og/eða litarlengd".

Blekkisögn er heimil ef hún er ekki byggð á sameiginlegum skilningi pars. (Laga- og keppnisreglanefnd getur beitt lagagrein 40.B.2.(d) til að takmarka beitingu blekkisagna). Ekki er heimilt að refska eða leiðrétta skor gagnvart slíkri löglegri sögn. Sameiginlegur skilningur pars er fyrir hendi ef þetta er sérstaklega ákveðið af þeirra hálfu. Þar að auki getur sameiginlegur skilningur pars verið fyrir hendi vegna endurtekinnna tilvika í ákveðnum tilvikum eða sérstökum stöðum. Til að meta hvort sérstakur skilningur pars sé fyrir hendi, þarf að vera líklegt að makker þess sem gefur blekkisögn sé á varðbergi gagnvart blekkisögninni í þeim stöðum sem koma við sögu. Þetta á við ef nefndin telur að eitt eftirtalinna tilvika eigi við.

- a) Svipuð blekkisögn hafi átt sér stað hjá parinu nokkrum sinnum áður, og ekki það langt síðan að ætla megi að makker hafi gleymt því og vaninn er slíkur að blekkisögnin se frekar regla en undantekning, eða
- b) nýlega hefur átt sér stað svipuð sögn hjá parinu og það er talið svo til útilokað að viðkomandi hafi gleymt því, eða
- c) ýmis konar blekkisagnir hafa átt sér stað hjá parinu nýlega af slíkri tíðni og árangri að makker er örugglega meðvitaður um tilhneigingu blekkisagna, eða
- d) parið er sameiginlega á verði gagnvart einhverjum ytri aðstæðum til að þekkja blekkisögn.

Blekkisögn sem telst vera einhver af ofangreindum liðum er ekki heimil og er þá heimilt að leiðrétta skor, ásamt aukinni refsingu til handa seku hliðinni ef það er talið eiga við. Þar sem staðið er að því að vera með

ákveðnar aðferðir varðandi blekkisagnir eða, beinar aðferðir varðandi sérstakar blekkisagnir skulu minnt á að athæfi þeirra varðar lagagrein 40 og þá sérstaklega lagagrein 40C1

Afhjúpun endurtekinna blekkinga

Þar getur ekki varið sjálfst sig varðandi blekkingar með þeim rökum að þó svo að spilarari hafi haft makker grunaðan um blekkingu, þá hafi viðbrögð spilarans við blekkingunni verið eðlileg. Andstæðingarnir eiga afdráttarlaust rétt á sömu upplýsingum um grunsemdir, þar sem þær geta haft áhrif á val þeirra í framhaldinu, og því verður að upplýsa um blekkingar.

Blekkispilamennska varnarspilara

Að því gefnu að varnarspilarar greina skilmerkilega frá samþykktum varnaraðferðum sínum, þá er vísitandi blekkispilamennska af hálfu varnarspilara lögmæt. Sagnhafi metur síðan á eigin ábyrgð legu spila. Óregluleg blekkispilamennska af hálfu varnarspilara er heimil. (Sjá Óheimilar upplýsingar.)

Spilamennska með skermum

Markmiðið með notkun skerma er að fækka eins og unnt er, tilvikum þar sem þar gæti verið með sameiginlegan skilning á aðstæðum sem ekki eru hluti af löglegum framgangi spils. Spilarar annarrar hliðar skermisins ættu ekki að fá vitneskju um rangan framgangsmáta hinum megin skermisins ef hann er leiðréttur áður en sagnsleðinn er fluttur yfir til hinnar hliðarinnar. Afleiðingar af slíkum leiðréttingum eru léttvægar í samanburði við þau tilfelli þegar skermfélagi seku hliðarinnar geti verið afvegaleiddur út frá ályktun byggða á tilvikinu. Seka hliðin getur minnkað afleiðingar gjörðar sinnar með hjálplegum og viðeigandi útskýringum til skermfélaga síns.

WBF telur æskilegt að spilarar breyti tilviljanakennt um hraða þegar sagnsleðinn er fluttur yfir til hinnar hliðarinnar. Þar sem Norður og Suður eru spilararnir sem skulu segja næst eftir að sagnsleðinn er móttækinn, þá skulu þeir vera ábyrgir fyrir flutningi sagnsleðans yfir til hinnar hliðarinnar. Það er metið svo að ekki geti verið um neinar vísbendingar að ræða ef sagnsleða er skilað til baka innan 15 sekúnda. Þessi tími getur aukist á seinni stigum í flóknum sagnseríum eða baráttustöðum án þess að það gefi til kynna ákveðin skilaboð.

Athygli er vakin á tilfellum þegar spilarar lenda í afar óvenjulegum stöðum sem myndast með notkun óvanalegra sagnhefða eða sagnskilnings. Keppnisstjórar og dómnefndir ættu að sýna þeim spilurum umburðarlyndi þegar þeir þurfa að takast á við þess háttar vandamál.

Brot gegn réttum framgangsmáta spils

Þegar brot á sér stað gegn réttum framgangsmáta má aðeins beita refsingu þar sem brotið er gegn lögum eða reglugerðum sem byggja á lögnum. Ef dómnefnd beitir viðurlögum gegn réttum framgangsmáta, ætti hún að tilgreina gegn hvaða lagagrein brotið var. WBF vill sérstaklega taka það fram að spilarari sem gleymir sagnvenju, eða gefur rangar sagnir, lendir ekki sjálfkrafa í refsingu gegn réttum framgangsmáta. Það er ætlast til að refsing gegn réttum framgangsmáta eigi helst við í ítekuðum aðstæðum, til dæmis í endurteknum aðstæðum. Leiðrétting á skor er aðferð til að gæta réttlætis.

Birting úrskurðar dómnefndar

Áður en úrskurður er birtur skal formaður dómnefndar fullvissa sig um að hann veitir fullnægjandi upplýsingar um verkferli og úrskurð dómnefndarinnar. Úrskurður ætti að vísa til lagagreina sem eiga við, og mikilvægt er að yfirkeppnisstjóri eða staðgengill hans staðfesti þær tilvísanir í lög.

Stefna Alþjóða bridgesambandsins um aðvaranir (Alert)

Formáli

1. Markmiðið er að hafa samræmdan framgangsmáta í öllum mótum á vegum WBF.
2. Ekki er ætlunin að valta yfir reglur sem þegar eru fyrir hendi hjá viðkomandi bridgesambandi eða aðildarþjóð.
3. Samræmd innleiðing er mikilvæg. Ætlast er til að spilarar sem taka þátt í mótum á vegum WBF skulu samt sem áður verja sjálfa sig eins og unnt er. Spilarar skulu framfylgja anda laganna sem og texta þeirra.
4. Stefnan er gerð eins einföld og hægt er. Spilurum er samt ætlað að gefa aðvörun þegar þeir eru í vafa. (Athuga skal að þegar skermar eru í notkun, og aðvörun er gefin öðru megin skerms en ekki hinu megin, leiðir ekki endilega til ályktunar um brot gegn lögnum.)

Stefna

Í eftirfarandi tilfellum skal gefa viðvörun:

1. Gervisagnir skulu aðvaraðar. Ekki skal gefa aðvörun á eðlilegar sagnir.
2. Sagnir sem hafa sérstaka merkingu eða hafa sérstaka meiningu hjá parinu. (Spilari má ekki gefa sögn eða spilamennsku byggða á sérstakri meiningu, nema andstaðan geti undir venjulegum kringumstæðum skilið hana, nema parið upplýsi notkun slíkrar sagnar eða spilamennsku í samræmi við reglugerð mótshaldara. Sjá lagagrein 40(b).
3. Lita stökk sagnir sem eru ekki kröfusagnir gegn opnun eða innákomu, og litasagnir í nýjum lit sem eru ekki kröfusagnir hjá ópassaðri hendi við sögn á fyrsta sagnstigi.
4. Ef skermar eru ekki í notkun, þá skal **EKKI** gefa aðvörun í eftirfarandi tilfellum:
 - a. Öll dobl.
 - b. Allar grand sagnir sem gefa til kynna jafnskipta eða frekar jafnskipta hendi, eða stingur upp á að spila grand samning.
 - c. Allar sagnir á fjórða sagnstigi eða hærra, þó með þeirri undantekningu að gefið skal aðvörun á gervisagnir í fyrsta sagnhring.

Spilarar skulu virða anda þessara reglna, ekki síður en textann.